



Fræðslunefnd

FUNDUR – 19. ágúst 2008

Fundur haldinn í fræðslunefnd Blönduósbæjar þriðjudaginn 19. ágúst kl. 20:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Dagskrá:

1. Kosning formanns
2. Framkvæmdir við grunnskóla
3. Starfsmannmál í grunnskóla
4. Undirbúningur unglíngastígs fyrir skólastarfið
5. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Formaður setti fundinn og tekið var fyrir fyrsta mál kosning formanns, stungið var uppá Zophaníás Lárussyni sem formanni og var það samþykkt með 3 atkvæðum, 2 sátu hjá. Tók nú Zophanías við stjórn fundarins. Kosning um varaformann, stungið var uppá Sunnu Gestsdóttir og var það samþykkt með 3 atkvæðum, 2 sátu hjá.
2. Formaður gaf skólastjóra orðið og fór skólastjóri yfir ýmsar framkvæmdir, svo sem endurnýjun á snyrtingum fyrir nemendur í nýja skóla og framkvæmdir fyrir framan skóla, en þar á að byggja bogaveggur m.tröppum sem verður vísir að nýju skólatorgi. Einnig voru tröppurnar inni gamla skóla endurbyggðar með hitalögn. Unnið var að frágangi við aðkomu og sett var upp hátt grindverk við sparkvöllin. Framkvæmdir eru hafnar við nýja sundlaug vegna breytinga á aðkomu íþróttamiðstöðvar og er komin nýr inngangur sunnanmegin inni íþróttahúsið.
3. Skólastjóri kynnti að kennarar eru 17 með skólastjórnendum, 15 í fullu starfi, einn í 70% starfi og einn stundakennari. Aðrir starfsmenn eru 9 skólaliðar, stuðningsfulltrúar, húsvörður, umsjónarmaður skóladagsheimilis, æskulýðsfulltrúi og starfsmenn sundlaugar og íþróttahúss. Nýir starfsmenn eru: Björg Þorgilsdóttir skólaliði, Anna Margrét Sigurðardóttir leiðbeinandi og kennaranemi og Hrefna Aradóttir stundakennari.
4. Skólastjóri fór yfir undirbúning unglíngastígs fyrir skólastarf vetrarins. Fór hún yfir niðurstöður samræmdra prófa síðustu ára og fór yfir það sem vel hefur verið gert og það sem betur má fara. Og greindi frá því sem lagt verður upp með í vetur.
5. Önnur mál.
 - a) Skólamáltíðir. Formaður upplýsti að boðið verður uppá skólamáltíðir í óbreyttri mynd fram að áramótum á Árbakkanum.
 - b) Skráðir eru 131 nemendur við skólann. Skólastjóri fór yfir breytta stofuskipan.

Fundargerð upplesin og fundi slitið kl 22:20

Zoph.Ari Lárusson
Sunna Gestsdóttir
Jakobína Björg Halldórsdóttir
Heiðrún Bjarkadóttir
Árný Þóra Árnadóttir
Magdalena Berglind Björnsdóttir